




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 21 — SEPT. '81



Leiðarvísir ÍSALP

NR. 15: VALSHAMAR Í EILÍFSDAL

Norðanmegin í Esju er stór dalur sem heitir Eilífsdalur. Ekki er ætlunin að lýsa leiðum í sjálfum dalnum, það mun verða gert síðar, heldur í klettastapa nokkrum sem er eins og útvörður dalsins í vesturhlíðum Skálatinds og heitir Valshamar. Afar auðvelt er að komast að hamrinum, en hann blasir við er komið er í dalinn. Hægt er að aka inn í dalinn á tveimur stöðum, annars vegar af Vesturlandsvegi inn í Miðdal og í gegnum hann inn í Eilífsdal en hins vegar ekinn Eilífsdalsafleggjari af Vesturlandsvegi. Fyrirnefnda leiðin er mun styttri. Þá er ekið austur inn á sumarbústaðasvæði og upp brekku en því næst í norður að enda vegarins.

Gæta skal að trufla ekki, eða fara inn á lönd sumarbústaðaeigenda, heldur ganga vel frá bílnum þar sem hann er ekki fyrir. Þaðan er u. þ. b. 5 mín. gangur í norður að hamrinum.

Hamarinn er úr stórum stuðlum svipað og er í Stardal og er hæðin á bilinu 15–20 m. Mikill gróður er í sprungum og ber að skemma hann sem minnst, en hingað til hefur verið komist hjá því. Helstu tryggingar eru hnetur en óæskilegt að nota fleyga.

Þegar hafa verið farnar fjórar leiðir í Hamrinum misjafnlega erfiðar.

Framtíðarmöguleikar í hamrinum eru ekki miklir, það er að segja miklu fleiri leiðir verða ekki farnar því að kletturinn er ekki ýkja mikill.


En það er vel þess virði að fara þangað og spreyta sig við leiðir sem flestar eru við hæfi sæmilegra klifrara.

Leið nr. 1
Hæð 20 m
Gráða 5.4


Klifrað upp horn með stórum hand- og fót-festum u. þ. b. m. að litlu þaki. Þar er gott að koma fyrir hnetu í sprungu á hægri hönd. Notið sömu sprungu fyrir handfestu (handjam) og klifrið upp fyrir þakið um 2 m upp á syllu (5.4). Síðan upp auðveldla kletta á vinstri hönd inn í horn með víðri sprungu. Upp hana og upp fyrir brún. Góðar megintryggingar eru þar fyrir ofan og á það reyndar við um allar leiðirnar.

Leið nr. 2
Hæð 20 m
Gráða 5.7

Erfiðasta leiðin á svæðinu og ekki við hæfi byrjenda. Verður erfiðari er ofar dregur og endar í slútandi vegg. Klifrað upp með sprungu vinstra megin uns veggurinn hangir aðeins yfir sig og sett þar inn trygging. Farið yfir í hægri sprungu á sléttum vegg, mestmegnis á viðnámi. Upp með sprungunni um 6–8 m og þá skásneytt til vinstri upp á bratta syllu og skoru. Nú eru um 2–3 m eftir en það er jafnframt erfiðasti hluti leiðarinnar. Klifrað upp slútandi vegg með „handjam“ tækni og upp fyrir brún (5.7)



Valshamar, Eilífsdal.



Klifur í Valshamri, Eilífsdal. Leið nr. 3.

Leið nr. 3
Hæð 20 m
Gráða 5.3

Klifrað upp víðar sprungur um 2 m upp á góða syllu. Þar er ágætt að setja inn milli-tryggingu. Skásneytt yfir sléttan vegg inn í örlítið horn til hægri (5.3). Nokkrar hreyfingar upp það ens það endar og þá upp á góðum handfestum upp í skoru til hægri. Upp með henni upp fyrir brún.

Þessi leið er ágæt sem upphitunarleið er komið er á svæðið.

Leið nr. 4
Hæð 17–20 m
Gráða 5.5

Klifrað upp horn, með svókallaðri „Lay-back“ tækni, mestmegnis á viðnámsfótfestum (5.5) um 5–6 m. Þá er klifrað út á syllu á vinstri hönd og síðan klifrað upp um 3 m beint að sprungu sem víkkar er ofar dregur. Þaðan er um tvær leiðir að velja. Annaðhvort að fara upp sprunguna og síðan til vinstri upp á brún, eða fara sléttan vegg hægra megin við sprunguna og síðan upp fyrir brún. Þessi veggur hefur eina tæpa hreyfingu líklega 5.6.

Snævarr Guðmundsson